

Nd.

### 163. Frumvarp

til laga um tvo vigslubiskupa á Íslandi.

(Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

Auk aðalbiskups skulu tveir vera officiales á landi hér og nefnast þeir vigslubiskupar. Skal annar þeirra vera í Skálholtsbiskupsdæmi, en hinn í Hólabiskupsdæmi. Þeir skulu kosnir af klerkum hvors biskupsdæmis og stáðfestir biskup landsins kosninguna. Skulu þeir hafa biskupsvígslu, og vígir annar þeirra biskup þann, er nú næst kemur, ef svo stendur á, að fráfarandi biskup getur af einhverjum ástæðum ekki gert það. Nú verður ágreiningur um það hvor vigslubiskupa skuli biskup vígja, og skal þá framar ganga vigslubiskup Skálholtsbiskupsdæmis. Vigslubiskupar vígja og presta í forföllum biskups, hvor í sínu umdæmi. Til vígslukostnaðar, þegar þeir vígjast, skulu þeim hvorum fyrir sig greiðast 500 kr. úr ríkissjóði Íslands. Að öðru leyti hafa þeir engin föst laun, en borga skal þeim úr ríkissjóði landsins eftir reikningi fyrir embættisverk þau, er þeir inna af höndum í forföllum biskups.